


SÍÐ PEYSA MEÐ GATAPRJÓNI

STAKAR UPPSKRIFTIR

TINNA

PRJÓNABLAÐ



Stök uppskrift úr Prónablaðinu Ýr 53 - Tinna heildverslun - Nýbýlavegur 30 - s: 5654610 - www.tinna.is

SÍÐ PEYSA MEÐ GATAPRJÓNI

Peysan er prjónuð úr tvöföldu Silk mohair sem er hætt í framleiðslu.

Við mælum því með að prófa nýjasta mohair garnið frá Sandnesgarn, **Ballerina chunky mohair**

Það er með grófari prjónfestu 16-13 lykkjur á 10 sm. Gæti því gengið sem einfaldur þráður í þessa peysu eða hafa með 1 þráð af Alpakka fylgipræði. Athugið að mæla prjónfestuna áður en byrjað er á peysunni.

Ballerina chunky mohair er 135 metrar svo ath. að endurreikna einnig metraþörfina.

Dokkufjöldi væri ca. (6) 6 (8) 8.

Stærðir:

(S) M (L) XL

Mál á peysu:

Yfirvidd: (98) 104 (109) 116 sm.

Sidd: (76) 77 (78) 79 sm.

Ermalengd: (46) 45 (44) 43 sm., eða eins og passar.

Garn: Silk mohair.

Hvítur 1012: (3) 3 (4) 4 dokkur

Prjónar / fylgihlutir:

Hringprjónn og sokkaprjónar nr. 8

Prjónanælu

Prjónfesta:

9 L. munstur með tvöföldu garni á prjóna nr. 8 = 10 sm.

ATH!

Látið peysuna liggja þegar þið mælið hana og togið aðeins í hana á síddina.

Munstur:

1. umf.: (= réttan) prjónið sl.

2. umf.: Prjónið sl.

3. umf.: Prjónið *1 sl., sláið upp á*, endurtakið frá * til * út umf. endið með 1 sl.

4. umf.: Prjónið br., samtímis er böndunum sleppt niður.

5. umf.: Prjónið sl.

6. umf.: Prjónið br.

7. umf.: Prjónið *1 sl., sláið 2 sinnum upp á prjóninn*, endurtakið frá * til * út umf., endið með 1 sl.

8. umf.: Prjónið eins og 4. umf.

Endurtakið 1. - 8. umf.

Bakstykki:

Fitjið laust upp (46) 50 (50) 54 L. með tvöföldu garni á prjóna nr. 8, prjónið 7 sm. stroff þannig: (1. umf. = rangan) 2 br., *2 sl., 2 br.*, endurtakið frá * til * út umf. Prjónið **munstur, jafnið** lykkjufjöldann í (45) 48 (50) 53 L. í 1. umf. Prjónið þar til stk. mælist (74) 75 (76) 77 sm.

Prjónið munstur eins og áður, en án þess að slá upp á prjóninn, **jafnframt** er skáfellt af á öxl í hvorri hlið í annarri hverri umf. (4,4,5) 4,5,5 (5,5,5) 5,5,6 L. Geymið lykkjurnar (19) 20 (20) 21 á prjónanælu fyrir hálsnál.

Framstykki: Prjónið eins og bakstykkið þar til stk. mælist (65) 66 (67) 68 sm. Látið (9) 10 (10) 11 L. á miðju á prjónanælu fyrir hálsnál, og prjónið hvora öxl fyrir sig. Haldið áfram með úrtöku við hálsnál í annarri hverri umf., 2,1,1,1 L. Þegar framstk. er jafnlangt bakstk., er skáfellt af á öxl eins og gert var á bakstk.

Ermur: Fitjið laust upp (26) 26 (30) 30 L. með tvöföldu garni á prjóna nr. 8, prjónið 7 sm. stroff eins og á bakstykkinu.

Prjónið **munstur, þegar** ermin mælist 15 sm., er aukið í 1 L. í hvorri hlið.

Endurtakið útaukningu með (7) 6 (7) 6 sm. millibili, alls(4) 5 (4) 5 sinnum = (34) 36 (38) 40 L. á prjóninum. Prjónið þar til ermin mælist (46) 45 (44) 43 sm., eða eins og passar. Fellið laust af. Prjónið aðra ermi eins.

Frágangur: Saumið axlirnar saman.

Prjónið upp u.þ.b. (52) 52 (52) 56 L.

með tvöföldu garni á prjóna nr. 8 kringum hálsnálið, meðtaldar L. á prjónanælunum.

Lykkjufjöldinn verður að vera deilanlegur með 4. Prjónið í hring 3 sm. stroff 2 sl., 2 br.

Fellið laust af. Saumið hliðarnar saman, skiljið eftir (18) 19 (20) 21 sm. fyrir handveg. Saumið ermarnar saman og saumið þær í peysuna.